

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

43. fundur Stjórnar BS bs. haldinn fimmtudaginn 12. september 2019

kl. 17:00 í fundarsal BS bs. við Hringbraut 125 .

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Ingbór Guðmundsson, Andri Örn Víðisson, Trausti Arngrímsson, Haraldur Helgason, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

Birgir Örn Ólafsson boðar forföll og Ingbór mætir í hans stað.

Fundargerð.

Formaður setur fundinn.

1. Staða framkvæmda við nýja slökkvistöð.

- Jón fór yfir stöðu framkvæmda við nýja slökkvistöð og stöðu verkþátta. Verkefnið er skv. áætlun.

2. Staða fjármála.

- Staðan er samkvæmt fjárhagsáætlun, en launaliður er örlítið hærri vegna breytinga á starfsmannahaldi og veikinda.

3. Skýrsla slökkviliðsstjóra.

- Einn starfsmaður hefur nú lokið Parameticnámi sem er hæsta stig sjúkraflutningamanna. Nýlega var auglýst eftir umsóknum í námið á næsta ári og bárust þrjár umsóknir. Eftir skoðun á umsóknum var ákveðið að Bjarni Rúnar Rafnsson muni hefja þetta nám á næsta ári.
- Útkallsfjöldi á þessu ári er svipaður og á liðnu ári en þróunin er núna sú að útköll eru jafnari yfir allt árið. Ekki er lægð yfir sumarið eins og áður var.
- B.S. á í viðræðum við HS Orku um æfingar á viðbragðsáætlunum og æfingum vegna Reykjanesvirkjunar.
- Gagnaveita Reykjavíkur hefur lagt inn fyrirspurn um hvort mögulegt sé að leigja af BS húsnæði undir tengistöð vegna ljósleiðaratenginga.
- Sjúkraflutningsskólinn hefur óskað eftir að við verðum ein af miðstöðvum menntunar sjúkraflutningsmanna með aðsetur í slökkvistöðinni í Suðurnesjabæ.
- Er reiknað með því að fara á næstunni í átak til að auglýsa eftir nýliðum í varalið BS þar sem verið er að setja upp starfsstöð í Vogum.

4. Önnur mál. Trúnaðarmál.

Fundi slitið kl. 18:30